

1989

Fimmtudaginn 30. maí 1996.

Nr. 92/1996.

**Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

**Sigurði Hólm Sigurðssyni**

(Sigmundur Hannesson hrl.)

Bifreiðir. Umferðarlög. Ökuréttur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson og Bjarni K. Bjarnason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun með stefnu 26. febrúar 1996. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Ákærði krefst þess, að sér verði dæmd vægasta refsing, sem lög leyfa.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði greinir.

**D ó m s o r ð:**

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Sigurður Hólm Sigurðsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sigmundar Hannessonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

**Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 18. janúar 1996.**

Ár 1996, fimmtudaginn 18. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 14/1996: Ákærvaldið gegn Sigurði Hólm Sigurðssyni, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dómnum með ákæruskjali lögreglustjórans í

Reykjavík, dagsettu 8. janúar sl., á hendur ákærða, Sigurði Hólmi Sigurðs-  
syni, Yrsufelli 15 í Reykjavík, kt. 010563-2839.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir að aka bif-  
reiðinni Z-3350 aðfaranótt sunnudagsins 26. nóvember 1995 sviptur öku-  
rétti um ýmsar götur í Reykjavík, uns lögregla stöðvaði aksturinn á Réttar-  
holtsvegi við Hæðargarð.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr.  
50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Með skýlausri játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er  
komið í málinu, er sannað, að ákærði hefur framið brot það, sem honum er  
gefið að sök og er rétt fært til refsíákvæða í ákæru.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hófst sakaferill hans árið 1979. Hann  
hefur verið sakfelldur fyrir dómi 34 sinnum, 28 sinnum með dómi og 6 sinn-  
um með sáttum. Fyrir 18 ára aldur var ákærði sakfelldur fjórum sinnum fyrir  
þjófnað, nauðgun, nytjastuld og umferðarlagabrot. Tvisvar hefur ákærði  
gengist undir sektargreiðslur fyrir fíkniefnabrot. Sex sinnum hefur hann  
sætt refsingu fyrir áfengislagabrot, 14 sinnum fyrir umferðarlagabrot og 24  
sinnum fyrir hegningarlagabrot, þar af einu sinni fyrir nauðgun, fjórum  
sinnum fyrir líkamsárásir, tvisvar fyrir rán, einu sinni fyrir húsbrot og síðast  
fyrir líflátshótanir við opinberan starfsmann. Hann hefur samtals verið  
dæmdur á sl. rúmunum 15 árum til að sæta óskilorðsbundinni frelsissviptingu í  
12 ár, 3 mánuði og 15 daga.

Frá árinu 1980 hefur ákærði verið sakfelldur fyrir réttindaleysi við akstur  
í um 15 skipti og þrívægis verið dæmdur í tímabundna sviptingu réttar til að  
öðlast ökuleyfi og 5 sinnum verið sviptur ævilangt rétti til að öðlast öku-  
leyfi, síðast árið 1988, en árið 1992 var ákærði síðast sakfelldur fyrir að aka  
sviptur ökurétti.

Með hliðsjón af sakaferli ákærða er ljóst, að hann er vanaafbrotamaður,  
og þykir refsing hans af þeim sökum hæfilega ákveðin fangelsi í fjóra mán-  
uði.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. tl. 165. gr. laga nr. 19/1991 um  
meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með  
taldar 15.000 krónur í þóknun skipaðs verjanda síns, Sigmundar Hannes-  
sonar hæstaréttarlögmanns.

1991

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Hólm Sigurðsson, sæti fangelsi í 4 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar 15.000 krónur í þóknun skipaðs verjanda síns, Sigmundar Hannessonar hæstaréttarlögmanns.

---